

# Grimma ljónið



Einu sinni var grimmt og gráðugt ljón.

Það sá lítið hvítt lamb og sagði:

– Litla lamb, nú ét ég þig.

– Gerðu það ekki, góða ljón, sagði lambið.

Ullin mín er svo fín að ég vil fá að lifa.

– Jú, það geri ég, sagði ljónið.

Og svo gleypti það litla lambið.

Ljónið sá stóran, svartan hana og sagði:

– Stóri, svart hani, nú ét ég þig.

– Góða ljón, gerðu það ekki, sagði haninn.

Kamburinn minn er svo rauður

að ég vil fá að lifa lengur.

– Jú, það geri ég, sagði ljónið.

Og svo gleypti það stóra, svarta hanann.

Ljónið sá litla, gula hænu og sagði:

– Litla, gula hæna, nú ét ég þig.

– Gerðu það ekki, góða ljón, sagði hænann.

Eggin mín eru bæði fín og falleg.

Ég vil fá að lifa og unga þeim út.

– Jú, það geri ég, sagði ljónið.

Og svo gleypti það litlu, gulu hænuna.

➤ **Hvað er kambur?**



Ljónið sá gamlan, gráan kött og sagði:

– Gamli, grái köttur, nú ét ég þig.

– Góða ljón, gerðu það ekki, sagði kisi.

Ég er svo grár og mjúkur  
að ég vil fá að lifa lengur.

– Ég át lítið, hvítt lamb, sagði ljónið.

Ég át líka stóran, svartan hana  
og ég át litlu, gulu hænuna  
og nú ætla ég að éta þig líka.

Og svo gleypti það gamla, gráa köttinn.

Ljónið sá lítinn, loðinn, hund og sagði:

– Litli, loðni hundur, nú ét ég þig.


– Góða ljón, gerðu það ekki, sagði héppi.

Ég er svo vænn að verja tún og engi  
að ég vil fá að lifa lengur.

– Ég át lítið, hvítt lamb, sagði ljónið.

Ég át líka stóran, svartan hana  
og ég át litlu, gulu hænuna  
og ég át gamla, gráa köttinn  
og nú ætla ég að éta þig líka.

Og svo gleypti það litla, loðna hundinn.



Ljónið sá litla mús og sagði:

– Litla mús, nú ét ég þig.

– Gerðu það ekki, góða ljón, sagði músin.

Augun mín eru svo svört og falleg  
að ég vil fá að lifa lengur.

– Ég át lítið, hvítt lamb, sagði ljónið,  
Ég át líka stóran, svartan hana,  
ég át litlu, gulu hænuna,  
ég át gamla, gráa köttinn  
og ég át litla, loðna hundinn  
og nú ætla ég að éta þig.



Og svo gleypți það litlu músina.

Músin fór að naga gula kjólinn ljónsins.  
Hún nagaði stórt gat á gula kjólinn.  
Þar hljóp litla músin út,  
þar hljóp litli, loðni hundurinn út,  
þar hljóp gamli, grái kötturinn út,  
þar hljóp litla, gula hænán út,  
þar hljóp stóri, svarti haninn út,  
og þar hljóp litla, hvíta lambið út,  
en ljónið sat og sat allan daginn  
við að bæta gatið á gula kjólinum.

➤ **Hvernig sluppu dýrin út?**

### Búðu til orð.

æ h n a

---

s a i k

---

j ó l n

---

s ú m

---

m l a b

---

i h a n

---